



Golfklúbbur Hveragerðis



Skýrsla stjórnar 2024

Vignir Demusson
Þórhallur Einisson
Sveinn Ingvason
Erlingur Arthursson
Inga Dóra Konráðsdóttir
Anna Pála Víglundsdóttir
Ólafur Ragnarsson

Skýrsla stjórnar GHG 2024

Fundarstjóri, góðir fundargestir – félagar í Golfklúbbs Hveragerðis.

Ég mun nú fara yfir skýrslu stjórnar og starfsemi Golfklúbbs Hveragerðis á nýliðnu rekstrarári klúbbsins sem hófst í byrjun nóvember 2023 og lauk nú í lok október 2024. Ég mun ekki lesa skýrsluna staf fyrir staf en skýrslan er aðgengileg á netinu og mun ég því stikla á stóru í þessari samantekt.

Skipan stjórnar og fundir

Undirritaður er að ljúka seinna stjórnarári af þessu 2ja ára starfsári eða kjörtímabili. Á síðasta aðalfundi var kosið um 3 stjórnarmenn til 2ja ára, og fengu Sveinn Ingvason, Ólafur Ragnarsson og Anna Pála Víglundsdóttir einróma kosningu, en Þórhallur Einisson, Erlingur Arthursson en Inga Dóra Konráðsdóttir ásamt formanni eins og kom fram hér áðan, voru á seinna stjórnarári sínu á þessu starfsári. Ennfremur var kosið um 3 varamenn til eins árs og voru Arnar Geir Helgason, Hjörtur Björgvin Árnason og Rannveig Einarsdóttir kjörnir varamenn í stjórn.

Þá var og kosið um 2 skoðunarmenn og einn til vara, og voru Gísli Páll Pálsson og Sigurður Egilsson kjörnir skoðunarmenn og Eyvindur Bjarnason til vara.

Á fyrstu fundum sínum skiptu stjórnarmenn með sér verkum og deildu með sér formennsku í nefndum eins og lög klúbbsins gera ráð fyrir.

Eftirtaldir skipuðu því stjórnina:

- Vignir Demusson, formaður
- Þórhallur Einisson, varaformaður og formaður vallarnefndar
- Sveinn Ingvason, gjaldkeri
- Inga Dóra Konráðsdóttir meðstjórnandi og formaður útbreiðslu- og fræðslunefndar
- Erlingur Arthursson meðstjórnandi og formaður mótanefndar
- Anna Pála Víglundsdóttir meðstjórnandi, ritari og formaður kvennanefndar
- Ólafur Ragnarsson, meðstjórnandi, formaður forgjafar- og laganeftar, afreksnefndar og húsnefndar
- Arnar Geir Helgason, varamaður
- Hjörtur Björgvin Árnason, varamaður
- Rannveig Einarsdóttir, varamaður

Framkvæmdastjórn skipuðu sem áður formaður, varaformaður og gjaldkeri auk þess sem rekstrarstjóri sat fundi framkvæmdastjórnar.

Fundir í stjórn og framkvæmdastjórn voru með hefðbundnum hætti en lagt var upp með að stjórn fundaði 2. þriðjudag í hverjum mánuði og oftast ef þörf væri. Framkvæmdastjórn fundaði eftir þörfum en miðað var við að hún hittist að lágmarki einu sinni í mánuði.

Rekstur og starfsfólk

Veðurfarslega séð var rekstrarárið ekki svo hliðhollt rekstrinum og veður rysjótt en heilt yfir þá gekk rekstur golfklúbbsins samt vel á árinu. Við höldum úti KFC/Skalla innanfélagsmótaröðinni og voru

opnu móttin okkar vel sótt. Klúbbfélagar á síðasta rekstrarári voru 239 þar af 34 klúbbfélagar sem eru 18 ára og yngri, en með aukaaðildarfélögum þá erum við 462.

Á árinu voru spilaðir 20.000 golfhringir og er það sami fjöldi hringja og var á síðasta rekstrarári. Til upplýsingar má nefna að við opnuðum völlinn inn á sumarflatir þann 1. maí en 1. júní árið áður.

Við vorum með samstarfssamninga við GR, GKG, GM, GO, NK og GK sem veitir félagsmönnum þessara klúbba afsláttarkjör á flatargjöldum á Gufudalsvelli á virkum dögum og hafa þessir samningar komið vel út.

Við erum með samstarfssamning við Borgarstarfsmenn (GBS) og við Landsvirkjun (STALA) og hafa þeir samningar komið vel út.

Eins og undanfarin ár þá sinntu vallarstarfsmenn GHG umhirðu á íþróttavöllum Hveragerðisbæjar og endurnýjuðum við þennan samning á þessu rekstrarári.

Störf vegna reksturs golfskála voru eins og áður unnin af launuðu starfsfólki og svo voru sjálfboðaliðar sem gripu inni þegar á vantaði í skálann.

Við þökkum sjálfboðaliðum kærlega fyrir að bregðast við og mæta í skála þegar þurfti, en þetta voru Raket Arnadóttir, Guðlaug Jónsdóttir og Sveinn Ingvason – bestu þakkir til ykkar.

Starfi rekstrarstjóra gegndi sem fyrr Einar Lyng Hjaltason PGA golfkennari en með honum í skála starfaði Eva Kantawan Boonlert. Þau héldu þessu öllu gangandi með dugnaði og krafti og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra störf.

Garðar Guðmundsson er vallarstjóri Gufudalsvallar og með honum störfuðu við völlinn Hermann Hoffritz og Ýmir Hjálmsón. Við þökkum vallarstarfsmönnum fyrir þeirra framlag og vinnu á síðasta rekstrarári en þeir stóðu sig mjög vel í sumar við umhirðu golfvallarins. Þess má geta að við fengum sérstakt hrós eftir LEK mót í 2. Deild sem haldið var hjá okkur í sumar.

Í ársreikningi fyrir árið 2024 kemur fram að tekjur golfklúbbsins voru 64,6 millj. króna og rekstrargjöld voru 56,6 millj. króna og rekstrarhagnaður því rúmlega 8 millj. króna. Við viljum vekja athygli á því að viðskiptakröfur hafa lækkað umtalsvert og er það vegna þess að við gerðum áttak í sumar um að ná þessum lið verulega niður.

Eignfærðar framkvæmdir vegna fjárfestinga í vélum og tækjum, endurbætur á fasteignum námu 14,7 millj. króna, en gerð verður nánari grein fyrir rekstri og fjárhagsstöðu klúbbsins þegar galdkeri fer yfir ársreikning hér á eftir.

Skýrslur nefnda:

Húsnefnd

Formaður húsnefndar er Ólafur Ragnarsson.

Helstu verkefni húsnefndar í ár voru planið fyrir framan skála (hellulagning og keyptir nýir bekkir), viðgerð á hitakerfi í bílageymslu og vélaskemmu þar sem fjárfest var í nýjum og öflugum blásurum til



upphitunar.

Farið var í viðgerð á stofnlögn inn að skála nú í haust og er búið að tengja hana og verið að ganga frá skurði og í kringum lögnina.

Mótanefnd

Mótanefnd

Mótanefnd skipuðu Erlingur Arthúrsson, Arnar Geir Helgason, Fannar Ingi Steingrímsson, Bjartmar Halldórsson og Einar Lyng.

Þátttaka í þriðjudagsmótaröðinni (KFC/Skalli) var mjög góð núna í sumar. Stig á stigalistanum fengu 39 karlar og 13 konur sem er smá aukning frá fyrra ári.



Stigalistar eru í skýrslunni og verður ekki farið yfir þá hér.



10 efstu á stigalista karla urðu:

Staða leikmanns á stigalista

Síð: Leikmenn ásamt úrslitum

St.	Fornafn	Eftirnafn	FGJ.	Land	Golfklúbbur	Við...	Úrslit	...
1	Sæmundur ...	Siguröss...	15.8	Ísland	Golfklúbbur H...	12	277.12	▼
2	Steindór	Gestsson	23.3	Ísland	Golfklúbbur H...	12	271.00	▼
3	Erlingur	Arthurs...	7.1	Ísland	Golfklúbbur H...	8	265.90	▼
4	Auðunn Ingi	Hafstein...	23.3	Ísland	Golfklúbbur H...	11	255.67	▼
5	Sævar Logi	Ólafsson	38.2	Ísland	Golfklúbbur H...	11	252.37	▼
6	Magnús Sig...	Jónasson	14.7	Ísland	Golfklúbbur H...	8	251.90	▼
7	Sigurður Gr...	Gunnar...	20.4	Ísland	Golfklúbbur H...	6	214.00	▼
8	Elias	Óskars...	11.2	Ísland	Golfklúbbur H...	8	189.00	▼
9	Auðunn	Siguröss...	18.5	Ísland	Golfklúbbur H...	12	167.07	▼
10	Gunnar Ásg...	Halldórs...	26.6	Ísland	Golfklúbbur H...	9	160.00	▼

Stigalisti kvenna:

Staða leikmanns á stigalista

Síð: Leikmenn ásamt úrslitum

St.	Fornafn	Eftirnafn	FGJ.	Land	Golfklúbbur	Við...	Úrslit	...
1	Ásta Björg	Ásgeirs...	26.7	Ísland	Golfklúbbur H...	9	355.00	▼
2	Jóna Sigríður	Ólafsdó...	25.8	Ísland	Golfklúbbur H...	10	342.50	▼
3	Ingbjörg Mj...	Pétursd...	21.4	Ísland	Golfklúbbur H...	9	335.00	▼
4	Inga Dóra	Konráds...	24.3	Ísland	Golfklúbbur H...	11	290.00	▼
5	Hrund	Guðmu...	28.8	Ísland	Golfklúbbur H...	6	183.00	▼
6	Harpa Rós	Björgvin...	16.7	Ísland	Golfklúbbur H...	4	134.50	▼
7	Elaine	McCrorie	30.1	Ísland	Golfklúbbur H...	5	132.00	▼
8	Rannveig	Einars...	34.1	Ísland	Golfklúbbur H...	1	100.00	▼
9	Soffía	Theodó...	21.4	Ísland	Golfklúbbur H...	2	82.50	▼
10	Sandra	Jónasdó...	28.4	Ísland	Golfklúbbur H...	2	70.00	▼

Haldin voru 3 opin mót hjá okkur í sumar, Cutter&Buck Kvennamót, Opna Heilsumótið og Opna Kjörismótið, þátttaka var ágæt í Cutter&Buck eða 57 keppendur, í Heilsumótinu voru 88 keppendur og mjög góð aðsókn var í Kjörismótið og var það fullbókað 104 keppendur.



Meistaramótið fór fram 5. til 8 júlí 2024 og voru keppendur 48 í 11 flokkum.

Klúbbmeistari karla er Fannar Ingi Steingrímsson.

Klúbbmeistari kvenna er Harpa Rós Björgvinsdóttir.

Klúbbmeistari karla 50 ára og eldri er Steingrímur Ingason.

Klúbbmeistari kvenna 70 ára og eldri er Unnur Halldórsdóttir.

Klúbbmeistari karla 70 ára og eldri er Hjörtur Björgvin Árnason.



Heildarfjöldi þátttakenda í öllum mótum í sumar var 993 kylfingur sem fjölgun um 148 frá fyrra ári

Í skýrslu mótanefndar í ársskýrslunni má sjá tölfræði frá Gufudalsvelli í mótum árið 2024:



mánudagur, 1. apríl 2024 – miðvikudagur, 23. október 2024
Gufudalsvöllur

TÖLFRÆÐI HOLU

Hola	Par	Eni	Meðaltal	Erfiðleik astuðull	Flokkun	HIO	Alba deluxe	Albatro 55	Örn	Fugl	Par	Skolli	Tvöfald ur skolli	Annað
1	4	9	6,07	152	1	0	0	0	0	9	103	180	171	228
2	5	1	7,08	142	4	0	0	0	0	10	80	160	195	245
3	4	7	5,44	136	14	0	0	0	0	19	171	221	136	144
4	4	15	5,60	140	11	0	0	0	0	17	165	201	141	168
5	4	3	5,90	147	2	0	0	0	0	8	80	223	188	192
6	4	11	5,64	141	8	0	0	0	0	12	136	229	141	165
7	3	17	4,15	138	13	0	0	0	0	8	140	348	155	43
8	5	5	7,18	144	3	1	1	0	0	13	93	144	155	262
9	3	13	4,21	140	12	0	0	0	0	11	159	301	142	78
10	4	10	5,69	142	5	0	0	0	0	5	42	75	58	61
11	5	2	6,82	136	15	0	0	0	0	5	35	76	59	66
12	4	8	5,24	131	18	0	0	0	0	6	67	87	48	35
13	4	16	5,33	133	17	0	0	0	0	9	64	76	47	44
14	4	4	5,68	142	6	0	0	0	0	3	37	75	71	55
15	4	12	5,68	142	7	0	0	0	0	0	50	86	51	55
16	3	18	4,01	134	16	0	0	0	0	3	59	121	51	8
17	5	6	7,05	141	9	0	0	0	1	8	25	68	47	89
18	3	14	4,24	141	10	0	0	0	0	2	53	115	44	27

Skýrsla stjórnar GHG 2024

Keppnissveitir GHG í karlaflokki og karlaflokki 50 ára og eldri tóku þátt í Íslandsmóti Golfklúbba síðastliðið sumar.

Karlasveitin keppti í 3. deild sem fór fram í Sandgerði og enduðu karlarnir í 6. sæti.

Karlasveitin 50+ keppti í 3. deild sem fór fram á Hellishólum og enduðu í 5-6. sæti.

Kvennasveit 50+ (keppti) fóru á Húsavík en vegna veðurs var lítið sem ekkert hægt að spila þar. Úrslit eftir 1. dag keppinnar voru látin gilda og var ekkert spilað annan daginn og lítið þriðja daginn. Sveitin endaði í 6. sæti af 9 sveitum.



Eins og áður sagði þá tók GHG að sér að halda LEK mót Golfklúbba 2. Deild í sumar og keppti sveit GHG á mótinu og hafnaði í 3. sæti

Hér frá verðlaunaafhendingu:



Skýrsla kvennanefndar sumarið 2024

Kvennanefnd skipuðu Anna Pála Víglundsdóttir formaður, Kolbrún Bjarnadóttir, Inga Dóra Konráðsdóttir, Rannveig Einarsdóttir, Puríður Gísladóttir og Brynja Hrafnkelsdóttir - einnig starfaði Halla Ólafsdóttir með kvennanefndinni fyrri hluta árs.

Kvennastarfið hófst á kvennakvöldi/vorfagnaði þann 19. apríl í golfskálanum þar sem var góð mæting og sumarstarfið var kynnt og konurnar voru með tískusýningu.

Mánudagsgolfið hófst um mánaðamótin maí/júní og var frekar dræm þátttaka á mánudögum og skýrist það af lítið spennandi veðri fyrrihluta sumars

Selfoss konur komu í heimsókn 3. Júní og var vel mætt og matur eftir golf. Cutter og Bock mótið var haldið 8. Júní, Setbergskonur komu í heimsókn í júní og okkar konur fóru til þeirra í ágúst.

Selfosskonur buðu okkar konum í heimsókn í ágúst og síðan var farið ferð á Akranes og Borgarnes sem var mjög vel heppnuð.

Ljósboltagolfið var haldið 27. September og það mjög vel heppnað að vanda.

Kvennanefndarkonur vilja koma á framfæri þakklæti til nefndarkvenna og annarra fyrir óeigingjarnt starf á vegum kvennanefndar í sumar.

Barna- og unglinganefnd

Æfingar hófust snemma eða í desember 2023 og var mæting góð.

Markmiðin voru sett hátt og var ætlunin að vera með sveit í Íslandsmót golfklúbba drengja 14 ára og yngri sem haldið var á Hellu.

Síðar kemur í ljós að það er æfingaferð í körfunni á sama tíma til Spánar svo það kvarnaðist úr okkar liði og sendum við því sameiginlega sveit með GO og stóðu okkar drengir sig mjög vel og voru þeir Sigurður Grétar Gunnarsson og Theodór Ólafsson í okkar sveit. Sameiginlegt lið GHG og GO endaði í 9. sæti í höggleið og 10. Sæti í holukeppni en það voru 11 lið sem mættu til leiks. Okkar menn voru þeir þrúðustu á svæðinu og GHG til sóma.

Sumarnámskeiðin voru haldin eins og undanfarin ár og var Arnar Geir Einari til aðstoðar ásamt unglingum sem æfa hjá klúbbum í samstarfi við Hveragerðisbæ, en vegna veðurs var bara haldið eitt námskeið og var mjög góð mæting á það. Stóðu unglingarnir sig með stakri þrýði einnig unnu þau létt störf á vellinum að námskeiði loknu.

Skýrsla 65+ kylfinga hjá GHG fyrir árið 2024

Eldri kylfingar (65+) voru með fasta rástíma kl 10 á miðvikudögum í sumar. Mæting var ekki eins góð og vonast hafði verið eftir en veðrið var ekki að hjálpa til. Eldri kylfingar fóru í 2 ferðir á aðra velli í sumar, Þorlákshöfn og í Kiðjaberg og mættu 8-12 kylfingar í þessar ferðir.

Eldri kylfingar GHG tóku þátt í LEK móti sem haldið var á Gufudalsvelli og voru þátttakendur frá 7 klúbbum sem tóku þátt og endaði sveit GHG í 3. Sæti.

Eldri kylfingar eiga ekki von á öðru en að halda sínum föstu tímum á næsta ári og vonast eftir betri mætingu og betra veðri næsta sumar.

Vallarnefnd

Vallarnefnd skipuðu á árinu, Þórhallur Einisson, Óli Dór Steindórsson, Inga Pétursdóttir, Rannveig Einarsdóttir og Vallarstjóri GHG Garðar Guðmundsson.

Mæting á vinnudaginn var með besta móti og skemmtu félagsmenn sér í fyrsta móti sumarsins í lok vinnudags eins og hefð er fyrir.

Völlurinn var opnaður 1. maí í ár sem er rúmlega mánuði fyrr en í fyrra. Félagsmenn sóttu völlinn vel frá fyrsta degi opunar og fá hrós fyrir góða umgengni í sumar.

Tveir starfsmenn auk Vallarstjóra unnu á vellinum í allt sumar og annar þeirra fram í desember.

Áætlanir við að vinna í nýjum brautum hafa því miður ekki gengið eftir í ár og er þar margt sem spilar inni. Í vor þegar hefja átti vinnu var verktakinn sem búið var að fá í verkið, fastur í öðrum verkum tengdum eldgosi. Aðrir verktakar sem voru síðan búnir að gefa loforð um að hefja vinnu í haust hafa enn ekki byrjað og er nú vinna í gangi til að að tryggja það að vinna geti hafist strax og snjóá leysir á næsta ári. Hannes Þorsteinsson sem hannaði 18. holu völl fyrir GHG á sínum tíma, hefur verið okkur innan handar við þessar áætluðu framkvæmdir og m.a. teiknað upp gönguleiðir um nýjar brautir í samráði við Hveragerðisbæ. Ekki liggur fyrir heildaráætlun á verkið þar sem verið er að reyna að vinna þetta eins ódýrt og hægt er. Búið var að áætla 8 milljónir í þennan fyrsta fasa sem færast yfir á næsta fjárhagsár.

Til stóð að hefja vinnu í haust við að koma niður stofnlögnum fyrir nýtt vökvunarkerfi en verktakar sem áttu að koma til að grafa fyrir lögnum í haust voru lengur í Kiðjabergi við framkvæmdir en þeir áætluðu. Þeir hafa lofað okkur að koma um leið og hægt verður að hefja vinnu eftir veturinn. Heildaráætlun verksins er ca. 24 milljónir og átti að nota 6 milljónir á þessu ári sem nú færast einnig yfir á næsta fjárhagsár.

	apríl		maí				júní				júlí				ágúst				sept				
Vika #	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	
Grýluvöllur																							
Söndun			x																			x	
Áburður				x								x										x	
Götun			x									x										x	
Hamarsvöllur																							
Söndun			x															x					
Áburður				x																		x	
Götun			x								x											x	
Gufudalsvöllur																							
Söndun					x					x													x
Áburður					x					B													x
Götun				x																			x
Sprey											x												x

Í skýrslunni er afrit af áætlun varðandi áburðargjöf á vellinum og fer ég ekki nánar út í hana í þessari samantekt.

Það var unnið var skv. ofangreindu plani í sumar varðandi áburðargjöf. Í fyrra voru tekin sýni sem hjálpuðu til við að ákveða þessa áburðargjöf á vellinum. Á vorin eru notuð coldstart hæglosandi korn með kalki, járni og magnesíum og á haustin hæglosandi haustáburður. Yfir hásumarið úðum við blöndu af áburði og vatnsmiðlunarefni sem er hraðvirkara en endist ekki eins lengi. Aukalager af úðunarefni er alltaf til taks ef sumarið dregst á langinn.

Á brautirnar er verið að prófa áburð með kalki og saltpétri sem á að fara illa í illgresi en vel í gras.

Töluvert hefur verið um aðrar framkvæmdir í sumar eins og má þar nefna:

- Aðkoman fyrir framan skála hefur verið fegruð með hellum og torfi
- Hitablásarar í skemmu og golfbílageymslu voru settir upp aftur
- Bætt var við stígum á 1., 3. og 4. braut.
- Fyrstu skref hafa verið tekin til stækkunar á fremri teigum á 2. og 8.
- Drenframkvæmdum á 2. braut er lokið
- Fyrsti róbótinn er kominn á völlinn og hefur gefist mjög vel.
- Torfskurðarvélin sem keypt var í vor hefur nýst mjög vel.
- Unnið er í að endurnýja heitavatnslögn
- Settir hafa verið niður víðir og runnar við grindur og völlurinn fegraður.
- Fuglahús voru smíðuð í vor og gáfu góða raun

Fjárfestingar næsta árs verða töluverðar, fyrir utan þau stóru verkefni sem flytjast yfir á næsta ár er ósk vallarnefndar að bæta við róbotum á völlinn, kaupa nýja yfirsáningavél og koma upp sandþróm.

Minningarorð

Tveir kærir félagar féllu frá á þessu golfári sem nú er að líða, en það voru þeir Jón Hafsteinn Eggertsson og Hjörtur Lárus Harðarson.

Jón Hafsteinn var einn af stofnfélögum klúbbsins og einn af máttarstólpunum í félagsstarfinu og þegar taka þurfti til hendinni við hin ýmsu verkefni í gegnum tíðina, og var Jón jafnframt

heiðursfélagi í golfklúbbnum.

Jón lét sig ekki vanta ef á þurfti að halda og meðan hann hafði heilsu til og sem dæmi má nefna þá kom hann akandi úr Reykjavík og fór jafnvel Nesjavallaleiðina til Hveragerðis ef Hellisheiðin og Þrengslin voru lokuð vegna ófærðar.

Það var alltaf mikil gleði og léttleiki í kringum Jón en maður fann strax að það var mikill nagli í honum og hann var mikið hörkutól.

Jón var gagnrýninn en á sinn jákvæða og skemmtilega hátt, hann var mikill töffari í sér en það sást og fannst að hann var einstakt ljúfmenni og yndislegur karakter sem vildi öllum vel.

Við hér í klúbbnum og þínir gömlu spilafélagar í gegnum tíðina efumst ekki um að þú sért búinn að koma þér í 10:40 ráshópinu í sumarlandinu.

Hjörtur Lárus var félagi í golfklúbbnum frá árinu 2018, en hann var þá nýfluttur í Hveragerði. Hjörtur þekkti ekki marga í klúbbnum þegar hann gekk í hann en honum var vel tekið frá fyrstu stundu af félagsmönnum GHG, sérstaklega spiluðu þeir mikið saman hann og Ævar Axelsson einn af stofnendum GHG.

Hjörtur var alltaf stundvís á rástímana sína og mætti alltaf vel fyrir tímann til að fá sér sína rækjusamlöku og kaffi.

Hjörtur var staðfastur og einarður í skoðunum sínum á starfi klúbbsins en það mátti finna að hann bar hag klúbbsins fyrir brjósti.

Eftir að Hjörtur veiktist þá var greinilega alltaf markmiðið hjá honum að komast aftur út á völl, dugnaðurinn í honum og ákveðnin vöktu aðdáun félagsmanna og augljóst að Hjörtur Lárus ætlaði ekki að láta þá erfiðleika sem hann var að ganga í gegnum stoppa sig við sína golfiðkun.

Við vottum fjölskyldum þeirra Jóns og Hjartar okkar innilegustu samúðarkveðjur við fráfall þeirra.

Jón Hafsteinn Eggertsson og Hjörtur Lárus Harðarson – ykkar verður sárt saknað kæru vinir og félagar – blessuð sé minning þeirra.

Lokaorð

Ég vil nota tækifærið og þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, starfsfólki golfklúbbsins og félagsmönnum í GHG kærlega fyrir samstarfið og ánægjuleg samskipti á nýliðnu golfári. Klúbburinn hefur komið mörgum verkefnum í framkvæmd og farveg á síðasta ári og má nefna nýja aðstöðu fyrir framan inngang í skála, keyptir voru 3 nýir golfbílar sem við fengum á afar góðum kjörum, keyptir voru hitablásarar í skemmu og golfbílageymslu, keypt var slátturóbot og torfskurðarvél, drenframkvæmdum á 2. Braut lauk á árinu, unnið í endurnýjun á heitavatnslögn, unnið við stækkun á fremri teigum +a 2. Og 8. Braut, unnið í stígum, settir voru niður víðir og runnar og bætt við stígum á 1., 3. Og 4. Braut.

Ég vil líka þakka ykkar kærar félagar í GHG fyrir golfsumarið – bestu óskir til ykkar allra um gleðileg jól og farsælt komandi ár – megi golfárið 2025 verða okkur öllum gott og farsælt.

Takk fyrir,